



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## *Syngjandi jól 2010*

### **Meðal efni í þessum Flórgoða:**

- Pistill skólastjóra
- Velferð barna í Áslandsskóla
- Er barnið þitt með endurskinsmerki?
- Foreldraröltið
- Að virkja, hrósa og bæta
- Innheimta gjalda
- Notuð skólaföt
- Syngjandi jól

10.00-10:20 Leikskólinn Stekkjarási  
10:20-10:40 Leikskólinn Álfasteinn  
10:40-11:00 Leikskólinn Hvammur

**11:00-11:20 Kór Áslandsskóla**

**11:20-11:40 Kór Áslandsskóla**

11:40-12:00 Kór Setbergsskóla

12:00-12:20 Kór Lækjarskóla

12:20-12:40 Hraunvallaskóli (leikskóli)

12:40-13:00 Hörðuvallakórinn

13:00-13:20 Leikskólinn Smáralundur

13:20-13:40 Leikskólinn Arnarberg

13:40-14:00 Kór Hvaleyarskóla

14:00-14:20 Kór Öldutúnsskóla (yngri)

14:20-14:40 Kór Öldutúnsskóla (eldri)

14:40-15:00 Hrafnistukórinn

15:00-15:20 Barna- og unglingskór Hafnarfjarðarkirkju

15:20-15:40 Kvennakór Hafnarfjarðar

15:40-16:00 Kammerkór Hafnarfjarðar

16:00-16:20 Gaflarakórinn

16:20-16:40 Kór Flensborgarskólans

16:40-17:00 Karlakór eldri Prasta

17:00-17:20 Kvennakór Öldutúns

17:20-17:40 Skátakórinn

17:40-18:00 Óperukór Hafnarfjarðar

### ***GÓÐI segir:***



*Ég er alltaf með endurskinsmerki, sérstaklega í skammdeginum svo ég sjáist betur.*

## **HAFNARBORG**

Hafnarborg – menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

Skrifstofa menningar- og ferðamála í Hafnarfirði

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**KYNNAR:**

**Sigurborg Kristjánsdóttir**

**Vigfús Hallgrímsson**

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
**FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.**

## Innheimta gjalda

Hægt er að greiða gjöld vegna heilsdagsskóla og mataráskriftar með boðgreiðslum (kreditkort), beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla.

Gjöldin eru innheimt fyrirfram, gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við fjárhæðina.

Pegar þrjú mánuðir eru gjaldfallnir verður vistinni/ áskriftinni sagt upp og í framhaldi verður skuldin send í innheimtu til lögfræðings.

Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi og mataráskrift er hálfur mánuður hið minnsta og verður að berast fyrir 15. hvers mánaður og miðast breytingar við 1. næsta mánaður.

Greitt er fyrir vist í heilsdagsskóla og mat þó barn sé fjarverandi.

Vakin er athygli á því að við upphaf hvers skólaárs má búast við að nemandi fái ekki vistun í heilsdagsskóla ef vanskil eru á gjöldum vegna leik- og/eða grunnskóla Hafnarfjarðar



## Notuð skólaföt

Foreldrar hafa leitað til okkar og spurt hvort rétt sé að láta notuð skólaföt renna til Rauða Krossins.

Því er til að svara hjá okkur að við viljum frekar fá notuðu skólafötin hingað til okkar. Ástæðan er sú að við getum komið þeim í endurnýtingu.

Þannig að endilega koma þeim nýpvegnum á skrifstofu skólans ef þið viljið losna við nýtileg skólaföt.

## Jólaball unglíngadeildar

Jólaball unglíngadeildar verður haldið þann 15. desember. Ballið hefst kl. 19.30 og stendur til kl. 22.00. Verð aðeins kr. 500 og munu 5 heppnir verða dregnir út í jólahappdrætti. DJ mun spila fyrir dansi og munu nokkrir jólaslagarar verða settir á fóninn og jafnvel dansað í kringum jólatréð.



## Stóra og litla upplestrarkeppnin

Stóra og litla upplestrarkeppnin voru báðar settar við hátíðlega athöfn í skólanum fimmtudaginn 18. nóvember.

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og "móðir" upplestrarkeppninnar heimsóttir okkur í fjallið af því tilefni, enda er hún ávallt heiðursgestur okkar í tengslum við keppnina.

Stóra upplestrarkeppnin hjá nemendum í 7. bekkjum grunnskólanna á 15 ára afmæli og eilítið tengt því tilefni hefur verið blásið til litlu upplestrarkeppninnar hjá nemendum í 4. bekk.

Verður sérlega gaman, nú sem endranær að fylgjast með æfingum og framförum nemenda í tengslum við upplesturinn.

# Foreldrafélag Áslandsskóla

<http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felag/foreldrafelag.php>

## Velferð barna í Áslandsskóla

Stjórn foreldrafélagsins vill vekja athygli á því starfi sem lítur að því að sporna gegn einelti í skólanum. Í byrjun september fóru Kolbrún sálfræðingur og Júlíana námsráðgjafi í alla 4. til 10. bekki og ræddu við nemendur um einelti (þar á meðal rafrænt einelti) og afleiðingar þess og jafnframt hver væru einkenni eineltis. Umsjónarkennarar halda umræðunni gangandi í vetur með því að ræða reglulega þessi atriði við börnin. En þau voru hvött til að hjálpast að með að vinna gegn einelti í skólanum í vetur.

Við hvetjum foreldra til að ræða þessi mál við börn sín með reglubundnum hætti en eins og fram kom hjá Kolbrúnu og Júlíönu þá skila forvarnir sem þessar hvað bestum árangri séu allir þeir sem að börnunum standa samtaka.

Til að kynna sér nánar hvernig sporna má við einelti bendum við á glærur á vefsíðu skólans (velja þarf Skólinn og síðan Nemendavernd) sem og á vefsíðu Heimilis og skóla: [www.heimiliogskoli.is/einelti](http://www.heimiliogskoli.is/einelti).

Einnig langar okkur að vekja athygli á skýrslu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem hefur sett fram 30 tillögur um samhæfðar aðgerðir gegn einelti. Skýrsluna má finna á vefsíðu foreldrafélagsins (á forsíðunni).

## Foreldraröltið

Vel hefur gengið að fá foreldra í skólanum til að rölti á föstudagskvöldum um hverfið sem af er vetri. Hressandi er að fá sér kvöldgöngu, spjalla við foreldra annarra barna í bekk barnsins og í leiðinni að varna því að unglingar lendi í vanda og koma í veg fyrir hópamyndanir eftir löglegan útivistartíma. En það er einmitt tilgangur foreldraröltis.

Við hvetjum foreldra barna í eftirtöldum bekkjum að taka vel í beiðni bekkjarfulltrúa um að fara á röltið þegar þeir munu hafa samband.

12. nóv: 7. KH – Baldursheimar

19. nóv: 8. BH – Álfheimar

26. nóv: 3. JDL – Ægisheimar

3. des: 10. AÓ – Fjallheimar

10. des: 5. JÓI – Jötunheimar

17. des: 3. HDB - Ásheimar

## Er barnið þitt með endurskinsmerki ?

Huga þarf að endurskinsmerkjunum þar sem dimmt er á morgnanna. Í myrkri sjást börnin okkar illa þrátt fyrir götulýsingu og ökuljós ökumanna, því eru endurskinsmerkin nauðsynleg. Eins og fram kemur hjá Umferðarstofu þá eiga endurskinsmerkin að vera sýnileg og er best að hafa þau fremst á ermum, á skóm eða neðarlega á buxnaskálmum.

# Foreldrafélag Áslandsskóla

<http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felag/foreldrafelag.php>

## Að virkja, hrósa og bæta

Það er mikilvægt fyrir skólastarfið að foreldrar komi að því með ýmisskonar þátttöku s.s. í nefndum á vegum foreldrafélagsins, sem bekkjarfulltrúar eða sem fulltrúar í skólaráði. Á fundi sem foreldrafélagið stóð fyrir 28. september sl. hélt Helga Margrét verkefnastjóri hjá Heimili og skóla erindi fyrir foreldra í skólanum þar sem hún fjallaði um mikilvægi foreldrasamstarfs. Fram kom að ef foreldrar eru *virkir* í foreldrasamstarfi geti það haft úrslitaáhrif á líðan barnanna og námsárangur. Ekki einungis á líðan þeirra barna sem eiga foreldra sem eru virkir í foreldrasamstarfinu heldur á heildina.

Að erindi loknu var foreldrum skipt í sex hópa, u.þ.b. sjö foreldrar voru í hverjum hópi og þeir beðnir um að nefna 5-7 atriði sem þeir voru ánægðir með við skólann og jafnmörg atriði sem þeim fannst að mætti bæta.

Fjöldmörg atriði voru nefnd sem foreldrum finnst vel að staðið í Áslandsskóla. Flestir hóparnir nefndu ánægju með morgunstudningar, skólafötin og starfsfólk skólans. Einnig var oft nefnt að skólastarfið sé vel mótað, að í skólanum séu skýrar reglur, ferskur starfsandi ríki innan skólans og að skólafærniámskeiðin væru til fyrirmyndar.

Afgerandi var á meðal allra hópa að það sem þeim finnst að megi bæta í skólanum er íþróttaaðstaða. Allir hópar nefndu þörfina fyrir íþróttahús á lóð skólans, flestir hópar nefndu jafnframt að bæta þyrfti gæslu í íþrótt- og sundklefum og að sparkvöllur þyrfti að vera á skólalóðinni. Atriði sem fleiri en einn hópur nefndi var einnig að auka þyrfti samstarf heimila og skóla.

Sumir hópar nefndu ánægju með SMT kerfið en jafnframt kom fram hjá nokkrum hópum að gæta þyrfti að samræmi á meðal starfsfólks hvenær fuglar væru veittir sem og stoppmiðar.

Að lokum voru hóparnir spurðir hvað þeir myndu vilja töfra fram strax ef þeir fengju töfrasprotu. Afstaðan var skýr: Íþróttahús.

Foreldrafélagið kemur þessum ábendingum á framfæri við skólastjórnendur og skólaráð.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**

skólastjóri